



FUNDARGERÐ

KYNNINGARFUNDUR UMHVERFISSTOFNUNAR FYRIR VATNASVÆÐIS-NEFND Á VATNASVÆÐI 4

Dags. fundar 3.10.12	13:00 – 16:00	Staður Reykjavík, í húsi Umhverfisstofnunar	Nr. fundar 5
Fundarstjóri: Jóhanna B. Weisshappel		Fundarritari: Jóhanna	
Fundarmenn: Kristín Lóa Ólafsdóttir, HER, Páll Stefánsson HHK, Ása Hólmarsd HEV, Kristín Ólafsd. Heilbrigðisnefnd Kjós, Tómas G. Gíslason Mosfellsbæ, Sigurður Jónss Sveitarf. Ölfus, Þorvaldur Örn Árnason sveitarf. Vogar, Guðmundur G. Gunnarsson Sveitarf. Álftanes (og varamaður Steingrims H, Kópavogi), Erla B. Bjarnad Garðabæ, Eygerður Margrétard RVK borg, Björg Gunnarsd. Borgarbyggð, Dagur Jónsson, Hafnarfj., Ingvar Þór Gunnlaugsson, Grindavíkurbær, Sveinn Númi Vilhjálmsson, Reykjanesbær, Sævar Finnbogass. Hvalfj.sveit., K. Hulda Guðmundsdóttir, Umhverfisnefnd Skorradalshrepps, Daði Þorbjörnsson, Ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila, Ásta Þorleifsdóttir (mætti v. forfalla Hilmars J. Malmquist), Ráðgjafanefnd hagsmunaaðila, Jóhanna Björk Weisshappel, UST.			
Afrit sent til: Vatnasvæðisnefndar á svæði 4			
Markmið fundar: Fara yfir inngangskafla og kafla um beina losun í fyrstu frumdrögum að stöðuskýrslu.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	
1	Opnun vinnufundar: Jóhanna fór yfir það hvað ætti að vera í stöðuskýrslu og á hvern hátt álagsgreining væri sett fram í skýrslunni. Einnig hvernig stöðuskýrslan mun síðan renna inn í vatnaáætlun og verður þar mun ítarlegri umfjöllun um ýmsa þætti.	JBW	
2	Helstu ákvarðanir, ábendingar og athugasemdir á vinnufundi: Almennt er ferksvatn (lækir, ár, tjarnir, vötn) innan þéttbýlis í mengunarhættu, setja slíka umfjöllun í inngangskafla. Rætt um tiltækar mælingar/rannsóknir á vatni. Mælingar eru til í Elliðavatni og ýmsu ferksvatni í og við Reykjavík. Safna þarf þeim saman. Mikilvægt að setja inn örnefni á strandsjó í töflum í stöðuskýrslu. Lagt til að taka út nákvæma umfjöllun um fiskvinnslur og einstaka fyrirtæki, ekki nafngreina fiskvinnslur og minni fyrirtæki, fjalla ítarlega um iðnað og stærri starfsemi í stöðuskýrslunni. Setja aftur inn urðunarstaði sem hefur verið lokað. Næstu skref: Jóhanna mun senda uppfærð drög að stöðuskýrslu (inngangskaflan og kaflan um beina losun) á næstu vikum til fulltrúana með ósk um að þeir lesi þau vandlega yfir og afli upplýsinga/gagna sem enn vantar. Síðan mun hún senda aðra kafla síðar með tölvupósti til fulltrúana með ósk um að þeir lesi þá vandlega yfir og láti vita ef þeir hafa athugasemdir, viðbætur eða upplýsingar/gögn sem hægt er að nýta í þá kafla. Stefnt er að því að drög að stöðuskýrslu fari í kynningu í nóv. 2012 í sex mánuði.	JBW	
	Næsti fundur: Óákveðið.		

